

139. löggjafarþing 2010–2011.

Álit

704. mál

1. minni hluta viðskiptanefndar

um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum (hæfi stjórnarmanna og framkvæmdastjóra, fjárfestingarheimildir.

Með tölvupósti, dags. 3. maí 2011, óskaði efnahags- og skattanefnd eftir álitum viðskiptanefndar á frumvarpi fjármálaráðherra til laga um breytinga á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi stjórnarmanna. Frumvarpið varðar annars vegar hæfi til setu í stjórnnum lífeyrissjóða og hæfi framkvæmdastjóra og hins vegar breytingar á ákvæðum um fjárfestingarheimildir lífeyrissjóða er lúta að því hvað geti talist hömlur í viðskiptum. Fram kemur í athugasemdum við frumvarpið að það sé samið með hliðsjón af lögum nr. 75/2010 um breytingu á lögum um fjármála fyrirtæki og lögum nr. 56/2010 um váttryggingastarfsemi en frumvörpin sem urðu að þeim lögum voru til meðferðar í viðskiptanefnd á 138. löggjafarþingi (343. mál og 229. mál).

Fyrsti minni hluti vekur athygli efnahags- og skattanefndar á tvennu. Í fyrsta lagi má benda á að í lögum um fjármála fyrirtæki er í 1. mgr. 52. gr. gerð sú krafa að stjórnarmenn skuli vera búsettir í aðildarríki Evrópska efnahagssvæðisins eða ríki sem sé aðili að Efnahags- og framfarastofnuninni (OECD). Þá skal framkvæmdastjóri vera búsettur í aðildarríki. Fjármálaeftirlitinu er í sömu grein veitt heimild til að veita undanþágu frá búsetuskilyrðum. Ákvæði sama efnis er í 3. mgr. 54. gr. laga um váttryggingastarfsemi. Í 2. máls. 1. mgr. 32. gr. laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða er sambærilegt ákvæði sem er svohljóðandi: „Stjórnarmenn skulu vera búsettir hér á landi, í aðildarríki Evrópska efnahagssvæðisins, aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða í Færeyjum.“ Ákvæði í þessa veru er þó ekki að finna frumvarpi fjármálaráðherra sem er hér til umfjöllunar. Í öðru lagi má geta þess að 1. máls. 3. mgr. 52. gr. laga um fjármála fyrirtæki er mælt fyrir um það að stjórnarmenn og framkvæmdastjórar skuli hafa lokið háskólaprófi sem nýtist í starfi en hins vegar getur Fjármálaeftirlitið veitt undanþágu frá þessu skilyrði á grundvelli reynslu og þekkingar viðkomandi. Í frumvarpi fjármálaráðherra er í 6. mgr. 1. gr. mælt fyrir um að stjórnarmenn skuli búa yfir nægilegri þekkingu og starfsreynslu til að geta gegnt stöðu sinni á tilhlýðilegan hátt.

Nú er til meðferðar í viðskiptanefnd frumvarp efnahags- og viðskiptaráðherra til laga um breytingu á lögum um fjármála fyrirtæki þar sem lögð er til breyting á 52. gr. laganna þeirra (696. mál). Gerðar hafa verið athugasemdir af hálfu lögmanna sem eiga sæti í stjórnnum fjármála fyrirtækja sem telja að það að leggja bann við því að stjórnarmaður fjármála fyrirtækis sé lögmaður *annars eftirlitsskylds aðila* eða félags í nánnum tengslum sé of strangt. Í athugasemdum við umrætt frumvarp kemur fram að ekki sé þörf á jafn víðtæku banni um lögmenn sem sitja í stjórn fjármála fyrirtækis og gildir um starfsmenn eða endurskoðendur. Lagt er til að bannið muni aðeins ná til lögmannsstarfa fyrir *önnur fjármála fyrirtæki*. Verði frumvarp efnahags- og viðskiptaráðherra óbreytt að lögum mun lögmönnum sem situr í stjórn fjármála fyrirtækis verða óheimilt að sinna hvers kyns störfum í þágu annars fjármála fyrirtækis.

Fyrsti minni hluti vekur athygli á því að á 138. löggjafarþingi var samþykkt breytingartillaga meiri hluta viðskiptanefndar við frumvarp til laga um breytingu á lögum um einkahlutafélög og lögum um hlutafélög (71. mál á 138. löggjafarþingi). Í henni felst breyting á 1. mgr. 63. gr. laga um hlutafélög og 1. mgr. 39. gr. laga um einkahlutafélög þess efnis að í stjórnnum félaga þar sem starfsmenn eru fleiri en 50 á ársgrundvelli að jafnaði skuli hlutfall hvors kyns ekki vera lægra en 40% þegar stjórnarmenn eru fleiri en þrjú. Lögin munu öðlast gildi 1. september 2013. Sambærilegar breytingar voru nýverið lögfestar um sameignarfélag og samvinnufélag, sbr. lög nr. 49/2011 frá 16. maí 2011. Þau ákvæði munu einnig öðlast gildi 1. september 2013. 1. minni hluti telur að stjórnarmið um jöfn hlutföll kynja í stjórnnum eigi ekki síður við um stjórnir lífeyrissjóða en þau félagaform og stofnanir sem þegar hafa verið sett lög um.

Alþingi, 26. maí 2011.
Álfheiður Ingadóttir,
Magnús Orri Schram,
Valgerður Bjarnadóttir,
Margrét Tryggvadóttir.